

# SIÐAREGLUR SKÁKSAMBANDS ÍSLANDS

## 1. grein. Gildissvið

Siðareglur þessar gilda um öll þau sem taka að sér trúnaðarstörf eða starfa að einstökum viðburðum fyrir Skáksamband Íslands (SÍ). Jafnframt gilda þær um keppendur og styrkþega SÍ eftir því sem við getur átt. Við sem gegnum störfum fyrir SÍ, erum valin í lið á vegum SÍ eða þiggjum þaðan styrki tileinkum okkur siðareglurnar.

## 2. grein. Heilindi og háttvísi

Við komum fram af heilindum og háttvísi gagnvart sjálfum okkur og öðrum.

## 3. grein. Trúnaður

Við gætum trúnaðar og þagmælsku í störfum okkar en þó með þeim takmörkunum sem leiða af lögboðinni tilkynningarskyldu.

## 4. grein. Fagmennska

Í störfum okkar fyrir skákhreyfinguna vinnum við í þágu hennar. Við misnotum ekki völd, áhrif eða yfirburði yfir öðrum í þágu okkar eigin hagsmuna eða annarra sérhagsmuna. Við alla ákvarðanatöku og störf fyrir Skáksamband Íslands kappkostum við að láta fagmennsku og málefnaleg sjónarmið ráða för. Við forðumst hagsmunaárekstra eftir því sem unnt er. Ef uppi er hagsmunaáreksturs sem er þess eðlist að unnt er að draga óhlutdrægni viðkomandi aðila í efa með réttu tekur sá aðili ekki þátt í ákvarðanatöku.

## 5. grein. Jafnræði

Við gætum jafnræðis og vörumst að misbjóða virðingu einstaklinga eða hópa, t.d. hvað varðar kynþátt, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, félagslega stöðu, aldur, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni eða kyntjáningu. Við stöndum saman gegn hvers kyns mismunun og leitumst við að skapa þannig umhverfi að öll þau sem vilja taka þátt í íslensku skáklífi geti notið sín þar.

## 6. grein. Veðmál o.fl.

Við tökum aldrei, hvorki með beinum né óbeinum hætti, þátt í veðmálum, fjárhættuspilum, happdrætti eða sambærilegum viðskiptum í tengslum við skákviðburði sem við getum haft áhrif á.

## 7. grein. Gjafir og hlunnindi

Við þiggjum ekki gjafir eða hlunnindi sem geta orðið til þess að rýra trúverðugleika, sjálfstæði eða hlutleysi okkar.

## 8. grein. Svindl

Við stöndum gegn hvers kyns svindli í skák, svo sem því að keppendum sé veitt aðstoð við skákir meðan á þeim stendur eða að tölvuforrit eða önnur óheimil gögn séu notið til aðstoðar.

## 9. grein. Keppendur og styrkþegar

Öll þau sem valin eru til keppni á vegum SÍ, svo sem í landslið eða önnur verkefni, sem og þau sem hljóta styrki frá SÍ vegna þátttöku á mótum, skulu fylgja þessum reglum meðan á mótunum stendur og í tengslum við þau eftir því sem við getur átt. Liðsmenn og styrkþegar skulu leitast við að sýna háttvísi og virðingu í samskiptum við andstæðinga, liðsfélaga og aðra sem tengjast viðkomandi skákviðburðum.

## 10. grein. Samspil við siðareglur Alþjóða skáksambandsins

Auk þess sem fram kemur í siðareglum þessum höfum við í heiðri þau siðferðislegu gildi sem lýst er í siðareglum Alþjóða skáksambandsins (FIDE) ([Ethics & Disciplinary Code](#), dags. 28. desember 2021), sbr. sérstaklega III. hluta þeirra.

## 11. grein. Aðferð við setningu reglnanna og gildistaka

Laganefnd SÍ lagði grunn að siðareglunum, m.a. með hliðsjón af siðareglum Íþróttasambands Íslands (ÍSÍ). Siðareglurnar voru samþykktar í stjórn SÍ 17. maí 2022 og staðfestar með ályktun aðalfundar SÍ 21. maí 2022.